

Ólöf Ýrr Atladóttir:

Vatnajökulsþjóðgarður formlegur þátttakandi í VAKANUM

Á vordögum 2008 sendi ég, nýtekin við búi á Ferðamálastofu, inn hvatskeytislega umsókn í NORA um þróun gæðakerfis fyrir ferðaþjónustuna á Vestnorræna svæðinu. Hann Elías Gíslason, sem því miður gat ekki verið hér í dag, stóð með mér að þessari umsókn f.h. Ferðamálastofu, en við munstruðum einnig upp samstarfsaðila í Færeyjum og á Grænlandi – sem ég hafði reyndar aldrei hitt. Umsóknin fékk að sjálfsögðu ekki framgang, eins verða vill um óformaðar og hvatvíslegar hugmyndir þegar þær eru fyrst ræddar, en jákvæður hugur manna gagnvart þeirri grunnhugsun sem í henni birtist sýndi mér fram á að það væri komið að því að íslensk ferðaþjónusta gæti stigið þetta skref.

Þegar fé var síðar á árinu varið úr Byggðaáætlun til verkefna í ferðaþjónustu, þ.á.m. á sviði gæðamála, sáum við hjá Ferðamálastofu í hendi okkar að þarna væri kominn grunnurinn að því að hefja þá miklu vinnu sem felst í að skilgreina og þróa heildstætt gæða- og umhverfiskerfi fyrir jafn margbreytilega atvinnugrein og ferðaþjónustan er. Í þeirri vinnu höfum við notið ómetanlegs góðs af þeirri víðtæku samvinnu sem verkefnið hefur byggt á.

Ég skal viðurkenna að mig hefði aldrei órað fyrir því að í dag, réttum fimm árum eftir að hin hvatvíslega og óformaða umsókn var send inn, myndum við standa hér og fagna þátttöku 14% landsins í VAKANUM, gæða- og umhverfiskerfi íslenskrar ferðaþjónustu.

Ég ætla ekki að rekja tilurð VAKANS frekar hér; ég vil hins vegar leggja áherslu á hversu stórt skref er stigið hér í dag. Þátttaka Vatnajökulsþjóðgarðs í VAKANUM er nefnilega birtingarmynd svo margs:

- Vatnajökulsþjóðgarður er fyrsta opinbera stofnunin sem tekur þátt í VAKANUM.
- Hún birtir samfélagslegt gildi ferðaþjónustunnar og aðlögunarhæfni VAKANS, með því að landssvæði, þar sem rekin er margvísleg þjónusta fyrir ferðamenn ákveður að láta þau gildi sem liggja VAKANUM til grundvallar einkenna starfsemi sína.

- Hún opnar möguleika á að friðuð svæði á borð við Vatnajökulspjóðgarð geti sett sér skýrar reglur um það hvers kyns starfsemi stunda megi innan þeirra vébanda og hvaða gildi þeir rekstraraðilar sem nýta sér svæðið í sinni starfsemi skuli hafa í heiðri. Fyrir mig skiptir þetta afar miklu máli, því að þar með er komin möguleg leið til þess að með jákvæðum hætti samræma reglur fyrir t.a.m. ferðaskipuleggjendur og ferðaskrifstofur á sviði öryggismála, sjálfbærni og umhverfisverndar.
- Þátttaka Vatnajökulspjóðgarðs getur þannig orðið leiðarljós og hvatning til annarra, þ.á.m. sveitarfélaga, að velta fyrir sér þeim tækifærum sem felast í þátttöku og horfa þannig til þess að gera gildi sjálfbærrar ferðaþjónustu að leiðarstefi í stefnumótun sinni og framtíðarsýn.
- Síðast en ekki síst er ég svo persónulega hamingjusöm með þessi tímamót. Ég er alin upp innan Vatnajökulspjóðgarðs, þótt á fullorðinsárum hafi verið. Þeir landshlutar sem falla innan hans mótuðu mig mjög og viðhorf mín til þess í hvernig samfélagi ég vil búa og sem aðili að því að stýra þjóðgarðinum á hans mótunarárum er ég hrikalega stolt af þessum degi.

Ég vil aftur áréttta, að Vakinn er vitnisburður um fagmennsku og mikilvægt tæki til að viðhalda háu þjónustustigi innan ferðaþjónustunnar og það er bæði ánægjulegt og mikilvægt fyrir ferðaþjónustuna í landinu að Vatnajökulspjóðgarður hafi sóst eftir og fengið flokkun Vakans.

Ég vil þakka aðstandendum Vatnajökulspjóðgarðs fyrir að hafa stigið þetta skref. Ég vil óska öllum okkar til hamingju með daginn. Og síst en ekki síst vil ég bjóða Kristveigu Sigurðardóttur, stjórnarformanni Vatnajökulspjóðgarðs og fyrrum samstarfskonu minni í Jökulsárgljúfrum að koma hingað og segja nokkur orð.

Til hamingju öll.